



353. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Microsoft Teams, fimmtudaginn 14. mars 2024 kl. 16:00. Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ.

Teams: Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen og Kári Mímisson

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Garðar Svansson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSÍ.

Umræður urðu um fréttáflutning af verkefnum ÍSÍ og sýnileika sambandsins út á við.

2. Fjármál

Niðurstaða ársreiknings 2023

Gjaldkeri fór yfir rekstur ÍSÍ á árinu 2023 og gerði grein fyrir þeim frávikum sem voru gagnvart fjárhagsáætlun. Hagnaður er af rekstri ÍSÍ en þó minni en áætlanir gerðu ráð fyrir sem markast m.a. af kostnaði við framkvæmdir á Íþróttamiðstöðinni. Ársreikningurinn fyrir árið 2023 verður gerður upp sem samstæðureikningur og mun sýna töluverðan hagnað sem helgast af því framlagi sem lagt var í viðhalds- og byggingasjóð ÍSÍ. Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrarþætti og greiningu kostnaðarþátta, með áherslu á þær framkvæmdir sem voru á árinu 2023, en framkvæmdastjórn ÍSÍ hafði á fyrri fundum óskað eftir ítarlegri útskýringum á kostnaðarþáttum vegna framkvæmda.

Gagnvart árinu 2024 er verið að vinna að endurskoðun fjárhagsáætlunar. Framlag til rekstur svæðaskrifstofa var ekki í fyrri áætlun auk þess sem að mörg viðhaldsverkefni eru framundan í Íþróttamiðstöðinni, t.a.m. jarðskjálftastyrking á tveimur húsum, og eins standa framkvæmdir yfir á skrifstofuhæð ÍSÍ.

Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson véku af fundi vegna hæfisskilyrða starfsreglna stjórnar þegar hér var komið við sögu.

Gjaldkeri vísaði í umræður og kynningu á síðasta fundi framkvæmdastjórnar á nýrri nálgun og útreikningi á skiptingu ríkisstyrks, lottóúthlutun og útbreiðslustyrks, og kynnti tillögur fjármálaráðs ÍSÍ vegna þessa. Tillögurnar miða að því að auka gagnsæi við mat stjórnar. Settir eru upp mælikvarðar sem byggja á gögnum sem sérsambönd hafa sjálf skilað inn eða má lesa úr ársreikningum og iðkendatölum. Drög að mælikvörðum varðandi lottóúthlutun voru kynnt á Formannafundi ÍSÍ 2023 og kallað var eftir athugasemdum frá sambandsaðilum.

Tillaga að skiptingu ríkisstyrks

Gjaldkeri skýrði tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda.

Tillagan felur í sér að þeirri upphæð sem er til úthlutunar verði skipt þannig að:

- 70% yrði skipt jafnt.
- 15% yrði skipt samkvæmt meðaltali tekna tveggja ára (2021 og 2022), skv. stigakerfi.
- 15% yrði skipt samkvæmt meðaltali stöðugilda tveggja ára (2022 og 2023), skv. stigakerfi.

Tvö sérsambönd fá bein framlög frá ríkinu og lagt er því til að þau fái 50% skerðingu á jafna hlutanum.

Stigakerfið er þannig uppbyggt að hvert samband fær ákveðinn fjölda stiga í hvorum þætti (tekjur og stöðugildi) og fá hlutfall af heildinni sem því nemur. Þannig er svo lögð saman talan fyrir jafna hlutann og þá tvo hluta sem eru skilgreindir samkvæmt tekjum og stöðugildum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga að skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda

Gjaldkeri skýrði tillögu að útbreiðslustyrk til sérsambanda sem snýr að ákvörðun á 40% skiptingu að mati framkvæmdastjórnar ÍSÍ, skv. reglugerð.

Lagt er til að þeim 40% hlut sem framkvæmdastjórn ÍSÍ er falið að taka ákvörðun um, verði skipt með sama hætti og hinum 60% eða 5/6 jafnt og 1/6 skv. iðkendafjölda. Skiptingin yrði þá eftirfarandi:

- 83% jafnt.
- 17% samkvæmt meðaltali iðkendafjölda síðustu tveggja ára samkvæmt starfsskýrslum.

Tvö sérsambönd fá bein framlög frá ríkinu og lagt er til að þau fái skerðingu á 40% hlutanum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga að lottóúthlutun

Gjaldkeri skýrði tillögu að lottóúthlutun sem snýr að ákvörðun á 85% skiptingu að mati framkvæmdastjórnar ÍSÍ, skv. reglugerð. Samkvæmt reglugerð ber að skipta því hlutfalli samkvæmt umfangi og stærð.

Tillagan felur í sér að þeirri upphæð sem er til úthlutunar yrði skipt þannig að:

- 35% skv. fjölda iðkenda, meðaltal tveggja ára.
- 35% skv. heildartekjum sérsambands, meðaltal tveggja ára.
- 10% skv. fjölda íþróttafélaga með iðkendur innan sérsambands.
- 10% skv. fjölda íþróttahéraða með iðkendur innan sérsambands.
- 10% skv. fjölda stöðugilda á skrifstofu hjá sérsambandi.

Við matið er þáttunum skipt í sjö þrep sem veita frá einu upp í tólf stig. Heildarstigafjöldi ræður hlutfalli sérsambandsins gagnvart 85% ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ:

Vægi	1	2	4	6	8	10	12	
Iðkendur	35%	<=1.000	<=2.000	<=5.000	<=10.000	<=20.000	<=25.000	>25.000
Heildartekjur	35%	<=25.000.000	<=50.000.000	<=100.000.000	<=200.000.000	<=400.000.000	<=800.000.000	>800.000.000
Fjöldi íþróttafélaga	10%	<=5	<=10	<=20	<=30	<=40	<=50	>50
Fjöldi íþróttahéraða	10%	<=4	<=8	<=12	<=16	<=20	<=24	>24
Stöðugildi	10%	<=1	<=2	<=3	<=4	<=5	<=6	>6

Þá er lagt til að setja 25% hámark á breytingar á hlutfalli til sérsambanda til hækkunar eða lækkunar frá síðasta ári. Eitt sérsamband fengi skerðingu vegna beinna styrkja frá ríkinu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Úlfur, Valdimar Leó og Viðar komu inn á fund aftur.

3. Erindi til framkvæmdastjórnar:

- *Bréf FSÍ vegna ákvörðunar á úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ.*

Tekið fyrir bréf Fimleikasambands Íslands um gildi ákvarðana og endurupptöku þeirra. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við afgreiðslu framkvæmdastjórnar ÍSÍ á 4. dagskrárlíð 350. fundar framkvæmdastjórnar, þ.e. að með vísan til 9. gr. starfsreglna stjórnar hafi of fáir stjórnarmenn staðið að ákvörðun stjórnar um að samþykkja tillögu stjórnar Afrekssjóð um úthlutun með vísan til 9. gr. starfsreglna stjórnar sem samþykktar voru fyrir á sama fundi.

Í 1. mgr. 9. gr. starfsreglna stjórnar segir: „*Framkvæmdastjórnarfundur er ákvörðunar- bær þegar meirihluti stjórnarfólks sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við 7. gr. starfsreglna þessara. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allt stjórnarfólk hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.*“

Starfsreglur framkvæmdastjórnar ÍSÍ voru teknar fyrir á 350. fundi stjórnar, sama fundi og tillaga stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ voru samþykktar. Boðun og undirbúningur 350. fundar var ekki í samræmi við starfsreglur stjórnar enda voru þær þá ekki enn samþykktar. Ekki hefði því verið hægt að haga meðferð þeirra mála sem tekin voru fyrir á fundinum í samræmi starfsreglunnar og eðlilegt að miða við að þær tækju gildi að fundi loknum.

Stjórnarfólk var í góðri trú um að fundur framkvæmdastjórnar gæti haldið áfram undir sömu formerkjum og hann hófst.

Með vísan til athugasemda FSÍ, þess að ekki er kveðið á um gildistöku starfsreglna stjórnar í starfsreglunum sjálfum og góðra stjórnarháttu, var samþykkt að bera ákvörðun stjórnar varðandi 4. líð 350. fundar aftur upp til atkvæðis.

Á fundinn voru mættir 14 stjórnarmenn, 10 greiddu atkvæði með ákvörðun framkvæmdastjórnar en 4 sátu hjá vegna hæfisskilyrða.

Ákvörðun framkvæmdastjórnar um að staðfesta tillögu stjórnar Afrekssjóðs um úthlutun er því staðfest af meirihluta stjórnarmanna, til samræmis við 9. gr. starfsreglna framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

- *Afrit af kæru KSÍ til mennta- og barnamálaráðuneytis*

Lagt fram afrit af kæru KSÍ til mennta- og barnamálaráðuneytis vegna synjunar ÍSÍ um styrk til KSÍ úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Farið er fram á að ráðuneytið felli ákvörðunina úr gildi og að umsókn kæranda verði tekin til löglegrar meðferðar hjá sjóðnum.

Umræður urðu um málið. Samþykkt að óska eftir því frá KSÍ að fá einnig afrit af fylgigögnum kærunnar, öðrum en þeim sem eiga uppruna hjá ÍSÍ.

4. Breytingar í sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ

Lögð fram úrsögn Knúts Haukssonar úr stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ. Áður hafði Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytis í sjóðsstjórninni óskað eftir leyfi frá stjórnarstörfum.

Samþykkt að kalla eftir tilnefningu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu í stað Sigrúnar Sjafnar. Skoðað verður á milli funda með skipan í stað Knúts.

5. Breyting í vinnuhópi ÍSÍ um góða stjórnarhætti

Klara Bjartmarz, fulltrúi KSÍ í ofangreindum vinnuhópi, hefur hætt störfum fyrir KSÍ og sagt sig frá störfum vinnuhópsins. KSÍ hefur tilnefnt Hauk Hinriksson í stað Klöru.

Tilnefningin staðfest.

6. Tillaga til úthlutunar úr Ferðasjóði íþróttafélaga

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs kynnti tillögu að úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna keppnisferða ársins 2023. Til úthlutunar eru 123,9 milljónir króna að þessu sinni.

Þar sem nokkrar fyrirspurnir eru enn útistandandi, sem haft geta örlitlar breytingar í för með sér þá var samþykkt heimild fyrir sviðsstjóra að leita eftir afgreiðslu með rafrænum hætti hjá framkvæmdastjórn um endanlega úthlutun úr sjóðnum á milli funda.

7. Tilnefning fulltrúa ÍSÍ í fagråd um umferðarmál

Innviðaráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningum frá ÍSÍ um einn fulltrúa í fagråd um umferðarmál. Samþykkt að tilnefna Líneyju Rut Halldórsdóttur og Andra Stefánsson.

8. Svæðastöðvar ÍSÍ og UMFÍ

Búið er að ráð Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur til að stýra innleiðingu og samræmingu á svæðastöðvum íþróttahéraða. Um er að ræða tímabundna ráðningu og hefur hún þegar hafið störf. Hanna Carla er íþróttafraeðingur að mennt og með meistaraþráðu í forystu og stjórnun. Unnið er að reglugerð um Hvatasjóðinn sem er hluti af samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið um svæðaskrifstofurnar.

Rætt um mikilvægi þess að þess að málið sé kynnt vel út á við svo að íþróttahreyfingin sé upplýst um hlutverk og verkefni skrifstofanna og hvernig þær eru fjármagnaðar.

9. Ólympíuleikarnir í París

Breytingar hafa orðið á Ólympíuhópi ÍSÍ. Íslenska karlalandsliðið í handknattleik féll út eftir Evrópumeistaramótið og í febrúar og mars komu inn fjórir keppendur, tveir úr frjálsíþróttum, einn úr taekwondo og einn úr klifri.

Hópurinn samanstendur nú af þrettán einstaklingum sem allir eiga góða möguleika á því að tryggja sér þátttökurétt. Anton Sveinn McKee er eini keppandinn sem þegar hefur tryggt sér þátttökurétt á leikunum. Að auki hefur ÍSÍ möguleika á því að fá úthlutað boðssætum en ekki kemur niðurstaða í það mál fyrr en í byrjun sumars.

10. Heiðranir

Teknar fyrir tilnefningar sem borist hafa frá sambandsaðilum um heiðranir ÍSí á ársþingum sem framundan eru.

Eftirfarandi heiðranir voru staðfestar með rafrænum hætti á milli funda og eru hér með formlega bókaðar í fundargerð:

AKÍS:

Samþykkt að sæma fráfaramandi Tryggva M. Þórðarson, fráfaramandi formann AKÍS, Gullmerki ÍSí. Merkið var afhent á ársþingi AKÍS 9. mars sl.

UMSB:

Samþykkt að sæma Pál Snævar Brynjarsson, Umf. Skallagrími, Gullmerki ÍSí og Oddnýju Evu Böðvarsdóttur, Umf. Skallagrími, Silfurmerki ÍSí. Heiðursviðurkenningarnar voru afhentar á ársþingi UMSB 13. mars sl.

HHF:

Samþykkt að sæma Margréti Brynjólfsdóttur, fyrrverandi formann HHF, Gullmerki ÍSí og Björgu Sæmundsdóttur Silfurmerki ÍSí. Heiðursviðurkenningarnar voru afhentar á ársþingi HHF 9. mars sl.

Eftirfarandi tilnefningar um heiðranir ÍSí á ársþingum sambandsaðila teknar fyrir:

UMSK:

Samþykkt að sæma Geirlaugu B. Geirlaugsdóttur, Breiðabliki og Ólafi Björnssyni, Breiðabliki, Gullmerki ÍSí.

Samþykkt að sæma Alexander Arnarson, HK, Björgu Erlingsdóttur, HK, Halldór Arnarson, Breiðabliki og Hilmar S. Sigurðsson, Gróttu, Silfurmerki ÍSí.

Heiðursviðurkenningarnar verða afhentar á ársþingi UMSK 21. mars nk.

Ársþing ÍBA:

Samþykkt að sæma Geir Kristinn Aðalsteinsson, fráfaramandi formann ÍBA, Gullmerki ÍSí. Merkið verður afhent á ársþingi ÍBA 16. apríl nk.

Ársþing ÍA:

Samþykkt að sæma Hrönn Ríkharðsdóttur, fráfaramandi formann ÍA, Gullmerki ÍSí. Merkið verður afhent á ársþingi ÍA 18. apríl nk.

Ársþing HSK:

Samþykkt að sæma Lárus Inga Friðfinns Bjarnason Gullmerki ÍSí og þau Gissur Jónsson, Þórdísi Bjarnadóttur og Ófeig Ágúst Leifsson Silfurmerki ÍSí. Merkin verða afhent á ársþingi HSK síðar í dag.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 352. fundar framkvæmdastjórnar ÍSí
- 2. fundar laganeftndar 2024, frá 11. mars 2024

Tillögur laganeftndar um afgreiðslu mála staðfestar.

- Fundar Verkefnasjóðs ÍSí frá 13. mars 2024

Tillaga Verkefnasjóðs um styrk, sbr. fundargerð, staðfest.

- Fundar Afrekssjóðs ÍSí frá 7. mars.

- Funda Fjármálaráðs ÍSÍ frá 5. feb., 27. feb., 11. mars, 12. mars og 13. mars 2024.
- Skýrsla frá Lífshlaupinu 2024

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnum ársþinga sambandsaðila.

13. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 11. apríl, 16. maí og 20. júní nk. á hefðbundnum fundartíma.

14. Önnur mál

Vinnustofa í Brussel um öryggi (safeguarding)

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir sagði frá vinnustofu sem hún og Kristín Birna Ólafsdóttir sóttu í Brussel nýlega um öryggi iðkenda, en Kristín Birna stundar nám á vegum IOC sem snýr að öryggi iðkenda (Safeguarding in Sports). Lagði hún áherslu á að ÍSÍ skoðaði vel þá þætti sem þar var fjallað um og þá ekki síst með þjálfaramenntun ÍSÍ í huga. Rætt um að helga næstu íþróttalæknisfræðiráðstefnu ÍSÍ íþróttumhverfi kvenna, og sækja um styrk til Ólympíusamhjalparinnar vegna framkvæmd hennar.

Miðlun viðburða

Rætt var um miðlun viðburða undir lið 1. Samantekt skrifstofu í upphafi fundar.

Íslensku lýðheilsuverðlaunin – fulltrúi ÍSÍ í dómnefnd

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir á sæti í dómnefnd Íslensku lýðheilsuverðlaunanna, fyrir hönd ÍSÍ. Stefnt er að afhendingu verðlaunanna síðasta vetrardag.

Móta- og keppendareglur ÍSÍ

Framkvæmdastjóri ræddi móta- og keppendareglur ÍSÍ sem taka þarf til heildar endurskoðunar. Skoða á málið á milli funda.

Viðbragðsáætlun íþróttahreyfingarinnar

Í ljósi mála sem upp hafa komið í hreyfingunni er ljóst að það þarf aftur að fara yfir verklag og reglur varðandi mál er varða meint kynferðisbrot og skoða hvar þurfi að uppfæra atriði sem snúa að viðbragðsáætlun íþróttahreyfingarinnar. Samskiptaráðgjafi, ÍSÍ og UMFÍ hafa dagsett ársfjórðungslega fundi um málefni er varða hreyfinguna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari